

Forréttindi karla

- 1) Það er líklegt að ég fái meira borgað fyrir sömu vinnu og kvenkyns samstarfsmaður minn vinnur.
- 2) Vinir og ættingjar mínir eru líklegri til að ráðleggja mér að biðja um hærri laun heldur en konu með sömu hæfni, menntun og reynslu.
- 3) Atvinnurekendur eru líklegri til að bjóða mér hærri laun heldur en konu með sömu hæfni, menntun og reynslu.
- 4) Það er líklegt að tóntegund fjöldasöngva henti mínu raddsviði.
- 5) Þegar ég held erindi er líklegt að ræðupúltið henti minni hæð.
- 6) Þegar fjallað er um þjóðmenningu okkar er sagt frá því að fólk af mínu kyni hafi skapað hana.
- 7) Það eru miklu minni líkur á að ég verði fyrir kynferðislegri áreitni í vinnunni heldur en kvenkyns samstarfsfólk mitt.
- 8) Það eru miklu minni líkur á að ólyfjan sé byrjað í drykkinn minn á skemmtistað heldur en í drykk vinkonu minnar.
- 9) Það eru miklu minni líkur á að mér verði nauðgað eða ég beittur öðru kynferðisofbeldi heldur en konur í kringum mig.
- 10) Ég get kennt börnin mín við mig, jafnvel þó ég sé í sambúð með hinu foreldri þeirra, án þess að vera álitinn sjálfhverfur og öfgafullur.
- 11) Þegar fólk hlustar á mig spila á hljóðfæri, finnst því ég spila betur heldur en jafnhæf kvenkyns tónlistarkona.
- 12) Ef ég vinn sama verkefni og kona, og verkefnið er að einhverju leyti metið út frá huglægum þáttum, er líklegt að fólki finnist ég hafa unnið verkefnið betur.
- 13) Karlmennska mín eða eðli er ekki dregið í efa ef ég kys að eignast ekki börn.
- 14) Ef ég kys að eignast börn og huga að starfsframa um leið finnst fáum ég vera eigingjarn fyrir að vinna langan vinnudag.
- 15) Þegar ég bið um að fá að ræða við yfirmanninn er líklegt að ég hitti manneskju af sama kyni og ég. Því herra settur sem yfirmaður er, því líklegra er það.
- 16) Þegar ég var barn mátti ég koma við kynfæri mín og kanna þau í meira mæli en stúlkur í kringum mig máttu varðandi sín kynfæri.
- 17) Þegar ég var barn gat ég notað hlutlaust og skammlaust orð yfir kynfærin á mér og haldið áfram að nota það fram á fullorðinsár

- 18) Þegar ég var barn er líklegt að ég hafi fengið meiri athygli frá kennurunum mínum og þurft að bíða skemur eftir viðbrögðum frá honum heldur en kvenkyns samnemendur mínir.
- 19) Þó ég eignist marga rekkjunauta verð ég ekki lítillækkaður og kallaður hóra, dræsa eða drusla.
- 20) Ég þarf ekki að hafa áhyggjur af þeim skilaboðum sem ég sendi með klæðnaði mínum um hversu tilbúinn ég er til að stunda kynlíf
- 21) Skórnir mínir eru oftast þægilegir, jafnvel spariskórnir.
- 22) Persónulegt hreinlæti og snyrting sem samfélagið býst við af mér er frekar ódýr og tekur stuttan tíma.
- 23) Ég get verið hávær án þess að eiga það á hættu að vera lítillækkaður með því að vera kallaður brussa eða skass. Ég get verið ákveðinn og fylginn mér án þess að eiga það á hættu að vera kallaður frekja eða tík.
- 24) Ég get verið viss um að fólk talar til mín með því málfræðilega kyni sem á við um mig persónulega og það er líklegt að málfræðilegt kyn starfsheitis míns passi við mitt eigið kyn. „Allir eru jafnir“ „Allir velkomnir“
- 25) Geta mín til að taka mikilvægar ákvarðanir og hæfi mitt almennt séð er aldrei dregið í efa vegna þess hvaða tími mánaðarins er.
- 26) Ákvörðun um að ráða mig til starfa er sjaldnar háð því hvort ég ætla að eignast börn í nánustu framtíð.
- 27) Ef ég bý með konu er líklegt að við höfum skipt á milli okkar verkum þannig að hún geri meirihlutann af húsverkunum, sérstaklega þeim sem eru einhæf og ekki varanleg.
- 28) Í matarboðum og jólaboðum er líklegt að bæði konur og karlar ætlist til minna vinnuframlags af mér hvað varðar undirbúning og frágang heldur en af konum í boðinu.